

**599. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
Þriðjudaginn 11. október 2022
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir Oddviti (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Dagskrá:

1. Starfshópur um veitur - 2210361

Tillaga að skipan starfshóps vegna veitna í eigu Tálknafjarðarhrepps.

Lagt er til að skipa þriggja manna starfshóp sem hafi það verkefni að taka saman fyrirbyggjandi upplýsingar um stöðu og ástand veitna í eigu Tálknafjarðarhrepps, þ. e. vatnsveitu, hitaveitu og fráveitu með það að markmiði að fá betri yfirsýn yfir viðhaldsþörf sem og fjárfestingarverkefni.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipa þá Jón Inga Jónsson, Guðlaug Jónsson og Jónas Snæbjörnsson í starfshópinn.

Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Framkvæmdir 2022 - 2202156

Uppfærð framkvæmdaáætlun ársins 2022.

Rætt. Sveitarstjóra falið að setja upp uppfærða framkvæmdaáætlun og leggja fram á næsta fundi sveitarstjórnar.

3. Íþrótt-, menningar- og æskulýðsnefnd - 4 - 2209007F

Fundargerð 4. fundar Íþrótt- menningar- og æskulýðsnefndar sem fór fram 04.10.2022.

Fundargerðin er staðfest

3.1 2208089 - Menningarstefna Tálknafjarðarhrepps

3.2 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031

3.3 2208067 - Fjárhagsáætlun 2023-2026

3.4 2209225 - Körfubolti í íþróttahúsi Tálknafjarðar

3.5 2209195 - Íþróttavika Evrópu 23-30 september

3.6 2209192 - Sparkvöllur dekkjakurl á gervigrösum

3.7 2209305 - Erindi frá UNICEF á Íslandi til Tálknafjarðarhrepps

4. Atvinnu- og hafnarnefnd - 35 - 2209006F

Fundargerð 35. fundar Atvinnu- og hafnarnefndar sem fór fram 06.10.2022.

Fundargerðin er staðfest

4.1 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031

4.2 2209202 - Tálknafjarðarhöfn - framkvæmdir við rafmagn

4.3 2208067 - Fjárhagsáætlun 2023-2026

4.4 2206081 - Hafnarsambandsþing 2022

4.5 2208004 - Upplýsingagjöf hafnarstjóra 2022

4.6 2202145 - Fundargerðir 2022 Hafnasamband

5. Aðalfundur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 2022 - 2210318

Erindi frá Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga dags. 27.09.2022 þar sem boðað er til aðalfundar sem fer fram á Hilton Reykjavík Nordica í Reykjavík 12.10.2022.

Oddviti leggur til að Guðlaugur Jónsson verði fulltrúi Tálknafjarðarhrepps á fundinum og fari þar með atkvæði sveitarfélagsins. Jafnframt mun Lilja Magnúsdóttir sitja fundinn fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps.

Samþykkt samhljóða.

6. Verkfallslistar 2023 - 2209295

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 27.09.2022 þar sem minnt er á að samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og 2. gr. í lögum nr. 129/2020 um skrá yfir störf hjá sveitarfélögum sem heimild til verkfalls nær ekki til, skulu sveitarfélög, fyrir 1. febrúar ár hvert, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög opinberra starfsmanna, birta skrár (lista) yfir þá starfsmenn sem ekki hafa verkfallsheimild.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að svara erindinu.

7. Ársfundur Jöfnunarsjóðs 2022 - 2209301

Erindi frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu til framkvæmdastjóra sveitarfélaga dags. 26.09.2022 þar sem boðað er til ársfundar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem fram á Hilton Reykjavík Nordica í Reykjavík 12.10.2022.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra, Ólafi Þór Ólafssyni, að sitja fundinn fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps

8. Sögufélag Barðastrandasýslu - 2210344

Erindi frá Sögufélagi Barðastrandasýslu dags. 05.10.2022 varðandi útgáfu árbókar Barðastrandarsýslu 2022.

Oddviti lýsti sig vanhæfa til að afgreiða þetta mál og vék af fundi eftir að hafa falið varaoddvita að stýra fundi. Marinó Bjarnason, 1. varamaður tók sæti á fundinum í stað oddvita.

Lagt til að fresta erindinu til næsta fundar og fá frekari upplýsingar um fyrri framlög. Samþykkt með fjórum atkvæðum, GJ sat hjá.

Marinó Bjarnason óskaði eftir að bókað væri að gott væri að þau mál þar sem þyrfti að kalla til varamann vegna vanhæfis væru sett fremst á dagskrá fundarins.

Oddviti kom aftur inn á fundinn og tók við stjórn hans og Marínó vék af fundi.

9. Tækifæri barna til áhrifa - 2209305

Erindi frá Unicef dags. 28.09.2022 þar sem hvatt er til að fjölga tækifærum barna til áhrifa innan sveitarfélagsins með stofnun ungmennaráðs, ef það hefur ekki þegar verið gert, eða með því að efla starf ungmennaráðs í samræmi við ráð ungmenna til ráðamanna

*Erindi frestað og sveitarstjóra og iþrótt- og tómstundafulltrúa falið að taka saman upplýsingar um starfslýsingu og mögulega tilhögun ungmennaráðs fyrir Tálknafjarðarhrepp.
Samþykkt samhljóða.*

10. Tillaga til þingsályktunar um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnarkerfisins - 2210313

Erindi frá nefndasviði skrifstofu Alþingis skráð 30.09.2022 þar sem Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnarkerfisins, 10. mál.

Samþykkt samhljóða að senda ekki umsögn um þingsályktunartillöguna.

11. Tilkypping um aflúsun - 2210329

Erindi frá Arnarlaxi dags. 04.10.2022 þar sem tilkynnt er um aflúsun á eldissvæðinu Eyri í Patreksfirði.

Lagt fram.

12. Rekstraryfirlit 2022 - 2208068

Árshlutauppgjör Tálknafjarðarhrepps dags. 30.06.2022 lagt fram.

Lagt fram.

13. Brunavarnir - 2111267

Minnisblöð og gögn vegna brunavarna lögð fram.

Lagt fram.

14. Vefgátt Almanna- og Mannavarna - 2210337

Erindi frá Almanna- og Mannavarnadeild Ríkislögreglustjóra skráð 04.10.2022 þar ný vefgátt vegna greiningar á áhættu og áfallaþoli er kynnt. Jafnramt tilkynnt um að boðið sé upp á námskeið í tengslum við vefgáttina.

Lagt fram.

15. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2022 - 2201021

Rætt.

16. Verkfundir vegna sorpsamnings - 2207047

Fundargerð 4. verkfundar vegna samnings um sorphirðu sem fór fram 06.10.2022.

Lagt fram.

17. Fasteignafélagið 101 Tálknafjörður, aðalfundargerð - 2209247

Fundargerð aðalfundar Fasteignafélagsins 101 Tálknafjörður ehf. sem fór fram 27.09.2022.

Lagt fram.

18. Fundargerðir Fasteignafélagið 101 Tálknafjörður - 2209249

Fundargerð stjórnarfundar í Fasteignafélaginu 101 Tálknafjörður ehf. sem fór fram 27.09.2022.

Lagt fram.

19. Fundargerðir 2022 Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða - 2202183

Fundargerð 140. fundar í Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis sem fór fram 29.09.2022.

Lagt fram.

20. Fundargerðir 2022 Hafnasamband - 2202145

Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 444 frá 14.06.2022 og nr. 445 frá 16.09.2022.

Lagt fram.

21. Fundargerðir 2022 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2202142

Fundargerð 913. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 28.09.2022.

Lagt fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:43.

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Guðlaugur Jónsson (GJ)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

Lilja Magnúsdóttir Oddviti (LM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)